



EKKO*- stefna til 2028

fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg

Samþykkt í borgarráði 11. júlí 2024

Aðgerðaáætlun uppfærð ágúst 2025

*Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni, ofbeldi



Um EKKO-stefnuna

Reykjavíkurborg tekur skýra afstöðu gegn einelti, áreitni og ofbeldi af öllu tagi.

EKKO-stefna er undirstefna mannauðsstefnu.

EKKO-stefnan er liður í að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi innan vinnustaðarins Reykjavíkurborgar, í samræmi við lagakröfur og samfélagslega þróun.

Stefnan gildir fyrir alla starfsstaði og allt starfsfólk Reykjavíkurborgar.

EKKO-stefnan gildir til 2028.

Samhengi við lög og reglugerðir

Í EKKO- stefnunni er skilgreint hvernig Reykjavíkurborg vill tryggja starfsfólki öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi, samkvæmt lögum og reglugerðum þar um.

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum

Þar segir m.a. að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað.

Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum

Þar segir m.a. að atvinnurekandi beri ábyrgð á að koma á vinnuverndarstarfi sem tekur til vinnustaðarins í heild og allra vinnuaðstæðna sem geta haft áhrif á öryggi og heilsu starfsfólks.

Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum

Þar segir m.a. að atvinnurekandi skuli haga vinnuaðstæðum þannig að dregið sé úr hættu á að aðstæður skapist sem líkur eru á að leitt geti til eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis á vinnustaðnum.



Framtíðarsýn

Að starfsumhverfið sé til þess fallið að vernda andlegt og líkamlegt öryggi starfsfólks með virku forvarnarstarfi og markvissum viðbrögðum við einelti, áreitni og ofbeldi



Meginmarkmið

Að koma í veg fyrir einelti, áreitni og ofbeldi í
starfsumhverfi Reykjavíkurborgar



Meginmarkmið og áherslur

Að koma í veg fyrir
einelti, áreitni og ofbeldi
í starfsumhverfi
Reykjavíkurborgar

1

Sálfélagslegt áhættumat á störfum innan borgarinnar í samræmi við kröfur í lögum og reglugerðum

2

Forvarnir og fræðsla varðandi EKKO, með áætlunum og eftirfylgni

3


Fagleg viðbrögð við kvörtunum og tilkynningum sem berast varðandi mögulegt EKKO í starfsumhverfinu



Aðferðaráætlun - hluti 1

Móta aðferðarfræði til að gera samræmt sálfélagslegt áhættumat, en í því felst m.a. mat á líkum þess að starfsfólk verði fyrir EKKO.

- Að öll svið klári sálfélagslegt áhættumat sem dragi skýrt fram sérstöðu þeirra áhættuþátta sem einkenna störf þar.
- Brugðist sé við þeirri áhættu sem greinist í áhættumati með markvissri eftirfylgni.





Aðgerðaráætlun - hluti 2

Forvarnir og fræðsla varðandi EKKO, með áætlunum og eftirfylgni.

- Móta forvarnaráætlun þar sem skilgreindar eru leiðir til að koma í veg fyrir að EKKO eigi sér stað í starfsumhverfi borgarinnar.
- Framkvæma aðgerðir skv. forvarnaráætlun, t.d. með fjölbreyttum leiðum fyrir EKKO fræðslu.
- Móta og kynna verklag vegna aðstæðna í starfsumhverfinu sem leitt gætu til EKKO.






Aðgerðaráætlun - hluti 3

Fagleg viðbrögð við kvörtunum og tilkynningum sem berast varðandi mögulegt EKKO í starfsumhverfinu.

- Próa áfram verklag um móttöku, könnun og lok máls er varðar einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.
- Tryggja hæfni og hæfi könnunaraðila.
- Gera slembiúttektir á gæðum og óhlutdrægni kannana, með aðkomu ytri aðila.





Mælikvarðar stefnu

Helsti mælikvarðinn á árangur stefnunnar er hlutfall starfsfólks sem samkvæmt könnunum upplifir að hafa orðið fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi í starfsumhverfinu eða á vinnutengdum atburðum sl. 12 mánuði.

Einnig er horft til niðurstaðna úr sömu könnunum varðandi hvort svarandi hafi tilkynnt EKKO og upplifun viðkomandi af meðhöndlun máls þar sem við á.

Loks er það mælikvarði á árangur stefnunnar hvaða aðgerðum í ofangreindri aðgerðaáætlun hefur verið lokið.





Áherslur fyrir árið 2025

Sálfélagslegt áhættumat starfa

1. Móta og kynna þá aðferðafræði sem Reykjavíkurborg notar til að gera samræmt sálfélagslegt áhættumat.

Forvarnaráætlun

1. Skilgreina helstu þætti forvarnaáætlunar næstu ára.
2. Skilgreina og kynna helstu fræðsluleiðir sem í boði eru fyrir starfsstaði um EKKO mál.

Tryggja hæfni og hæfi könnunaraðila

1. Samræma verklag við könnun mála m.a. með gátlistum.
2. Reglubundin fræðsla til könnunaraðila og mannauðspjónustu.



Ábyrgð og framfylgd stefnu

Sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs ber ábyrgð á EKKO stefnunni sem undirstefnu mannauðsstefnu.

Miðlæg EKKO nefnd ber ábyrgð á framkvæmd tiltekinna aðgerða samkvæmt stefnunni.

Mannauðsstjórar sviða bera ábyrgð á tilteknum aðgerðum fyrir sitt svið samkvæmt stefnunni.

